


Staðsetning göturýmis



Núverandi svæði

Tillaga til endurbóta er að gera strandgötu að göngugötu og stuðla þannig að meira öryggi notenda svæðisins og einnig mun loftgæði og hávaðamengun batna. Mikil magn af bílastæðum er við Fjarðargötuna og með skemmtilegri tengingu í gegnum þetta svæði verður bæði stuttur og skemmtilegur kafli að ferðast um fótgangandi eða á hjóli um aðal þjónustusvæði miðbæjar Hafnarfjarðar. Með þessum endurbótum mun svæðið verða skjólsælt, bjart, öruggt og aðlaðandi með torgi og skemmtilegu útisvæði sem bíður uppá óhefbundin sæti, blandaðan gróður, leiksvæði, gosbrunn og aðlaðandi flæði fyrir notendur. Með breytingum á byggingum við hlið Svæðisins er hægt að utfæra neðstu hæð bygginganna sem þjónustusvæði, með opnum rýmum og bjóða upp á fjölbreytilega þjónustu og hafa efri hæðir húsanna sem íbúðir. Yfirbygging að hluta til veita meira skjól, hægt að nota svæðið allt árið í kring, einnig á kvöldin og hentar vel til að setja upp viðburði.

Núverandi svæði: er á milli tveggja hárra bygginga við strandgötu, innst á svæðinu stendur Fjörður sem er verslunarmiðstöð Hafnarfjarðar. Svæðið skiptist í bílastæði og grænan auðan blett. Byggingarnar sem umlykja svæðið eru gluggalausar og með öllu mjög óaðlaðandi. Svæðið tengir strandgötu við Fjarðargötu sitt hvoru megin megin við verslunarmiðstöðina Fjörð. Svæðið er bæði dimmt og gefur ekki augljóslega til kynna það barna sé tenging við stærra þjónustusvæðis. Á svæðinu er bekkur og blómaker en fólk sækir ekki í að staldra barna við og drífur sig í gegnum svæðið ef það á leið hjá. Svæðið getur ekki tækifærí á sálfræðilegri endurheimt.

Helstu kostir við endurbætur:

- Hvetur til aukinnar virkni íbúa og notendur svæðisins og stuðlar að bættri lýðheilsu.
- Svæðið gefur tækifærí á sálfræðilegri endurheimt með því að losna við bílaumferð, hávaða, mengun og veita öryggi.
- Vel skipulögð hönnun meðmátulega mikillri tilbreytingu í umhverfinu hjálpar til við sálfræðilega endurheimt, að fólk nái að slaka á, staldra við gleyma sér um stund, fylgjast með mannlífinu, létt spjall, komast öruggt á milli staða.
- Stuðlar að bættri andlegri og likamlegri heilsu.
- Skilar sér til bæjarfélaga, ríkisins, heilbrigðiskerfisins til lengri tima litið.

Standgata 220 Hafnarfjörði

Tillaga að endurbótum

